

**34. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Þrítugasti og fjórði fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 27. júní 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Baldur Pétursson, Sólrún Anna Jónsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Katrín Gyldadóttir

**1. Formaður segir frá fundi með ráðherra 20. júní.**

Formaður sjóðsins var boðaður á fund nýskipaðs iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, fimmtudaginn 20. júní s.l. Helga Haraldsdóttir sat fundinn í fjarveru Valgerðar Benediktsdóttur, sem tekið hefur við af Helgu sem skrifstofustjóri ferðamála.

Á fundinum var rætt um stöðu sjóðsins, 69 milj.kr. sem úthlutað var á árinu 2012 og 575 milj.kr. sem úthlutað hefur verið í þremur úthlutunum í ár. Rætt var um nauðsyn eftirfylgni og eftirlits með verkefnum styrkþega, ekki síst þar sem einungis sjö styrkþegar af þeim 30 sem fengu styrki í janúar 2012, hafa skilað lokaskýrslu til þessa og fengið lokagreiðslu samkvæmt því. Annað vandamál eru styrkir sem veittir voru til þjóðgarðanna þriggja í febrúar s.l. Þar eru 145 milj.kr. sem ekki er vitað hvort eða hvenær verða notaðar, að hluta til vegna laga ríkisins nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Ráðherra viðraði þá hugmynd hvort hugsanlegt væri að úthluta enn einu sinni á þessu ári, því sem verður greinilega ekki hægt að nota í ár, en var sammála því að það væri erfitt að gera fyrr en vitað væri hvaða fjárveitingu sjóðurinn fengi á næstu fjárlögum 2014. Hins vegar væri hægt að auglýsa í byrjun september með það í huga að jafnvel væri hægt að úthluta einhverju fyrir áramót.

Helga ræddi um nauðsyn þess að endurbæta starfsreglur stjórnar vegna 50% mótframlags en fram kom hjá ráðherra að það væri ekki forgangsatriði. Að lokum óskaði ráðherra eftir því að formaður sjóðsins sæti áfram.

**2. Fyrirkomulag vinnu fyrir Framkvæmdasjóð hjá Ferðamálastofu.**

Stjórnin mun halda óbreytt áfram næstu tvö árin.

Baldur mun fara yfir samninga, skoða starfsreglur og athuga hverju þarf við að bæta.

**3. Eftirfylgni og eftirlit með styrktum verkefnum**

Ákveðið var að skrifa bréf og óska eftir upplýsingum um hver staðan er á verkefnum vegna styrkja 2012. Styrkþegar sem fengu styrki 2012 hafa fengið frest til 15. september til að skila framvinduskýrslum eða lokaskýrslum. Ólöf mun skrifa drög að bréfi til þeirra aðila og munu allir stjórnarmenn skrifa undir bréfið. Sólrún sér um eftirfylgni verkefna og mun svara erindum sem berast. Tölvupóstur Sveins færast yfir á Sólrúnu og hún kemur þeim áfram til Baldurs og stjórnar.

Sólrún mun senda uppfært greiðslufirlit styrkveitinga úr Framkvæmdasjóðnum til stjórnar.

**4. Næsta auglýsing eftir styrkumsóknunum**

Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknunum um styrki fyrir árið 2014 í byrjun september.

**5. Afgreiðsla beiðni um breytta verkáætlun á Helgafelli**

Stjórnin samþykkti beiðni styrkþega á Helgafelli um breytta verkáætlun og mun Sólrún mun svara beiðninni með tölvupósti.

**6. Önnur mál.**


Þjónustugreining frá 13. nóvember 2012, m.t.t. endurmats. Ólöf kallar eftir athugasemdum stjórnar í tölvupósti í hverju þjónustan felst.

Sólrún mun senda út nýtt greiðslufirlit fyrir næsta stjórnarfund.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. ágúst kl. 8:30

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 27. júní. 2013/Katrín.

  
Svein Bragason  
Anna G. Sveinsskóttir  
Svein Bragason